

Enska 6. bekkur

2018 - 2019

Kennari: M. Azfar Karim

Öll kennsla í Grunnskólanum á Hellu byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Í greinahluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2013 eru hæfniviðmið í erlendum tungumálum sett fram í sjö flokkum: hlustun, lesskilningur, samskipti, frásögn, ritun, menningarlæsi og námshæfni. Hæfniviðmiðin eru ekki tengd ákveðnum bekkjum heldur er settur þriggja stiga rammi sem auðveldar skipulag á einstaklingsmiðuðu námi, þar sem hæfni nemenda í færniþáttunum er mismikil, byrjunarreitur ekki sá sami hjá öllum og námshraði mismunandi. Miðað er við að í lok grunnskólans hafi þorri nemenda lokið 3. stigi. Á blaðsíðum 125-131 í 20. kafla aðalnámskrár, sem fjallar um erlend tungumál, má sjá töflu yfir þá hæfni sem hver nemandi skal búa yfir við lok hvers stigs.

Sjá:

http://vefir.nams.is/namsmat/pdf/grunnskoli_greinanamskrar_netutgafa_2013.pdf

Kennsluhættir:

Hlustun: Nemendur hlusta á fjölbreytt lesefni. Nemendur venjast því að heyra enskt mál og að kennari noti málið í tímum. Nemendur hlusti á tónlist og horfi á kvikmyndir með ensku tali.

Lesskilningur: Nemendur lesi fjölbreytt efni sér til gagns og gaman.

Samskipti: Nemendur þjálfist í að nota tungumálið til samskipta í kennslustundum og geti tjáð sig á ensku.

Frásögn: Nemendur þjálfist í að segja frá á ensku.

Ritun: Nemendur skrifi setningar og stutta texta og auki við orðaforða sinn með því að vinna á margvíslegan hátt með enska texta.

Menningarlæsi: Nemendur kynnist helstu siðum og hátíðum í ensku þjóðlífi s.s. allra heilagra messu, jólum, páskum og Valentínusar degi. Nemendur vinni með texta sem fjalla um enskt þjóðlíf. Nemendur horfa á breska þætti og hlusti á breska tónlist.

Námshæfni: Nemendur taka þátt í hópavinnu og paravinnu og læri að vinna saman að margvíslegum verkefnum.

Námsgögn: Build up 2, ljósrit úr ýmsum málfræðiheftum, ýmis ljósrit og námsspil.

Námsmat:

Lykilhæfni nemenda metin jafnt og þétt í allri vinnu sem fram fer í kennslustofunni ásamt þeim verkefnum sem nemandinn á að sinna sjálfur heima.

Nemendur eru prófaðir jafnt og þétt yfir önnina, eftir hvern kafla í Build up verður lagt fyrir kaflapróf.